

Háskóli Íslands  
Sæmundargötu 2  
101 Reykjavík

Reykjavík, 3. apríl 2020  
UST202003-628/H.H.  
09.05.01

### **Efni: Umsókn um leyfi til rannsókna - Melrakkaey**

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Háskóla Íslands, dagsett 30. mars 2020, um leyfi til rannsókna í Melrakkaey á Breiðafirði.

Melrakkaey er friðlýst sem friðland skv. auglýsingu nr. 118/1974. Bannað er að fara í eyna án leyfis Umhverfisstofnunar eða umboðsmanns hennar.

#### **Lýsing verkefnis:**

Sótt er um fararleyfi í Melrakkaey til að stunda rannsóknir á sjófuglum. Verkefnið er partur af alþjóðlegu sjófuglaverkefni SEATRACK. Þessi verkhluti snýr að því að kanna vetrarstöðvar toppskarfs og hvítmáfs. Fuglarnir eru fangaðir með snörum, merktir, sýni tekið og þeim sleppt aftur. Aðferðin hefur sýnt bæði hérlendis og erlendis að hún hefur mjög lítil áhrif á dýrin. Hámark fjórar manneskjur munu koma að verkefninu sem mun fara fram 8. júní - 18. júní 2020 og 8. júní - 18. júní 2021. Farið er í eyna á bát og verður dvalið í einn til tvo sólarhringa á tímabilinu. Ekki er þörf að nota nein önnur vélknúin tæki í eygni.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun telur að verkefnið muni hafa óveruleg áhrif á verndargildi svæðisins enda aðeins um að ræða tímabundna truflun á fuglavarpi. Ekki er talið að rannsókn valdi skaða á friðlýsta svæðinu. Umhverfisstofnun hefur síðustu ár veitt leyfi fyrir sambærilegri rannsókn í Melrakkaey.

#### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Háskóla Íslands fyrir sitt leyti fararleyfi í Melrakkaey sbr. lýsingu hér að ofan tímabilið 8. júní - 18. júní 2020 og 8. júní - 18. júní 2021 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Leyfið gildir fyrir tímabil 8. júní - 18. júní 2020 og 8. júní - 18. júní 2021.
- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær farið er út í eyna með minnsta kosti 48 klst fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.

- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun óskar eftir því að fá afrit af niðurstöðum ofangreindrar rannsóknar án endurgjalds.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Virðingarfyllt

*Hildur Hafbergsdóttir*

Hildur Hafbergsdóttir  
sérfræðingur

*Jón Björnsson*

Jón Björnsson  
þjóðgarðsvörður